



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Samfélagsþjónusta í stað óskb. fangelsisrefsingar:

Hvað er samfélags- þjónusta?

Samfélagsþjónusta felur í sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem kemur í stað afplánunar fangelsisrefsingar í fangelsi. Starfið er unnið utan vinnutíma dómþola og getur hann því stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustu stendur og verið virkur þjóðfélagsþegn. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð en þó aldrei meira en einn fimmtí hluti hennar.

Hverjir geta óskað eftir samfélagsþjónustu?

Þeir sem dæmdir hafa verið í allt að **níu mánaða** óskilorðsbundið fangelsi geta sótt um samfélagsþjónustu á meðfylgjandi eyðublaði. Samfélagsþjónusta kemur ekki til álita ef almannahagsmunir mæla gegn því. Þegar um er að ræða fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing ekki vera lengri en níu mánuðir. Þegar um blandaða dóma er að ræða, þ.e. þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn, kemur samfélagsþjónusta ekki til greina ef samanlögð refsing er hærri en níu mánuðir. Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru að umsækjandi eigi ekki til meðferðar mál hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum, þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað.

Hvar og hvenær á að sækja um samfélagsþjónustu?

Umsóknum skal skila til Fangelsismálastofnunar **ekki síðar en viku áður en afplánun á að hefjast** samkvæmt boðunarbréfi Fangelsismálastofnunar. **Afplánun refsivistar frestast þar til ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.** Fangelsismálastofnun tilkynnir umsækjanda hvort fallist er á beiðni um samfélagsþjónustu símileiðis og bréflaga.

Hvernig er hæfi til samfélagsþjónustu metið?

Fangelsismálastofnun kannar persónulega hagi umsækjanda, m.a. afbrotaferil, fjölskyldu- og atvinnuáðstæður og áfengis- og vímuefnaneyslu og tekur persónuskýrslu af viðkomandi en framangreind atriði koma til álita við mat á hæfi umsækjanda. Á grundvelli athugunarinnar er síðan metið hvort umsækjandi sé talinn líklegur til að geta innt samfélagsþjónustu af hendi og hvaða starf komi til greina.

Hvernig er staðið að undirbúningi samfélagsþjónustu?

Ef umsókn um samfélagsþjónustu er samþykkt er umsækjanda birt samfélagsþjónustu-skírteini þar sem fram kemur klukkustundafjöldi samfélagsþjónustu, hvar og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi. Þá koma enn fremur fram þau skilyrði sem viðkomandi þarf að standast en þau eru helst að viðkomandi gerist ekki brotlegur, neyti hvorki áfengis né deyfilyfja, vinni á tilsettum tíma og tilkynni án undandrátta veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki mætt til vinnu. Jafnframt kemur fram hverju það varði ef skilyrði þessi eru rofin. Dómpoli gengst undir framangreind skilyrði með undirritun sinni. Starfsmaður Fangelsismálastofnunar getur farið með dómþola á vinnustað í fyrsta sinn og fylgist síðan með honum, m.a. með heimsóknum á vinnustað og með viðtölum við umsjónarmann, en sá síðarnefndi sér um að leiðbeina viðkomandi og fylgjast með ástundun hans. Fangelsismálastofnun hefur gert samning við Öryggismiðstöðina um mannaða öryggisgæslu vegna samfélagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og er hlutverk eftirlitsaðila að heimsækja vinnustaði og eiga í samskiptum við samfélagsþjónu og umsjónaraðila þar.

Hvers konar störf er um að ræða?

Aðallega er um að ræða líknar- og félagsstörf hjá félagasamtökum og opinberum stofnunum. Starf getur t.d. falist í þrífum, viðhaldi, umönnun og skrifstofustörfum. Val á starfi fer eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda að mati Fangelsismálastofnunar.

Hvenær er starfið unnið?

Starfið er ýmist unnið á hefðbundnum vinnutíma eða á kvöldin og um helgar. Starfstími er frá 40 klst. - 360 klst. og dreifist á 2 - 11 mánuði.

Hvað gerist ef ekki er staðið við samning?

Ef dómpoli í samfélagsþjónustu rýfur skilyrði þau sem honum hafa verið sett, t.d. með því að sinna ekki vinnuskyldu sinni, vegna óreglu eða ef hann er kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað getur það varðað því að dómpoli verði látinn afplána eftirstöðvar refsingarinnar/anna. Ákvarðanir þessar eru tilkynntar viðkomandi skriflega.

Aðrar upplýsingar

Hægt er að fá allar nánari upplýsingar um skilyrði og fyrirkomulag samfélagsþjónustu hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, Borgartúni 7, 105 REYKJAVÍK, sími 520-5000. Veffang: www.fangelsi.is